

# SÁLFRÆÐI EINSTAKLINGSMUNAR

## E-116-SAEI



**Ár:** 1. ár.

**Önn:** Vorönn.

**Tegund námskeiðs:** Skylda.

**Undanfarar:** Engir.

**Skipulag:** 4 stundir á viku í 12 vikur.

**Kennari:** Magnús Blöndahl Sighvatsson.

**Lýsing:** Í námskeiðinu verður fjallað um sálfræði einstaklingsmunar í tengslum við hegðun mannsins, hugsun, ákvarðanir og heilsu. Farið verður yfir persónuleikakenningar og persónuleikamælingar. Meðal annars verður fjallað um eftirfarandi spurningar:

- Erfist persónuleiki?
- Er hægt að breyta persónuleika?
- Hefur persónuleiki áhrif á þær ákvarðanir sem fólk tekur í lífinu?
- Hvers konar rannsóknir eru framkvæmdar til að athuga persónuleika?

**Lærdómsviðmið:** Að námskeiði loknu á hver nemandi að geta:

*Þekking*

- Þekkja helstu kenningar um persónuleika.
- Skilgreint og útskýrt mikilvæg hugtök í persónuleikasálfræði.
- Metið hvort hægt er að breyta persónuleika og ef svo er hvernig.
- Metið hvort persónuleiki hefur áhrif á hegðun, líðan, hugsun, ákvarðanir og heilsu.
- Lýst rannsóknaraðferðum sem notaðar eru til að meta persónuleikakenningar

*Hæfni*

- Metið helstu persónuleikakenningar innan persónuleikasálfræði.
- Metið helstu persónuleikamælingar innan persónuleikasálfræði.
- Metið helstu rannsóknaraðferðir sem notaðar eru í persónuleikasálfræði

*Leikni*

- Rætt í hóp og skrifað stuttlega um kosti og galla persónuleikakenninga.

**Námsmat:** Verkefni, skyndipróf og lokapróf.

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar og umræðutímar.

**Tungumál:** Enska og íslenska.

**ECTS:** 6.